



Fundur í sveitarstjórn

59. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar (aukafundur) haldinn í Þórsveri miðvikudaginn 16. febrúar 2017 og hófst kl 17:00.

Mætt voru: Reynir Atli Jónsson oddviti, Þorsteinn Ægir Egilsson, Þorsteinn Vilberg Þórisson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Karl Ásberg Steinsson, Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson og Svala Sævarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Fundargerð 31.fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga.
2. Ljósleiðaravæðing í LNB.
3. Ráðning skrifstofustjóra.
4. Skýrsla sveitarstjóra
5. Kynning á Akurseli

Fundargerð:

1. Fundargerð 31. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Fundargerð og gögn lögð fram til kynningar. Siggeir tók til máls.

2. Ljósleiðaravæðing Langanesbyggðar

Sveitarstjóri lagði fram minnisblöð og önnur gögn vegna málsins og fór yfir. Til máls tóku Björn Guðmundur, Siggeir og Elías.

Bókun: Sveitarstjóra falið að tilkynna fjarskiptasjóði að Langanesbyggð muni nýta sér lofaða styrki, einnig er sveitarstjóra falið að vinna málið áfram á grunni framlagðra gagna með það fyrir augum að ljósleiðaravæða dreifbýli í Langanesbyggð. Siggeir bað um fundarhlé kl.17.14 Fundur settur á ný kl.17.18. Samþykkt samhljóða.

3. Ráðning skrifstofustjóra

Sveitarstjóri kynnti ráðningu nýs skrifstofustjóra, ráðningin er vegna veikinda og fæðingarorlofs núverandi skrifstofustjóra. Siggeir og Elías tóku til máls. Þorsteinn Ægir bað um fundarhlé kl.17.26. Fundur settur á ný kl.17.29.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ráðningu skrifstofustjóra og býður hann velkominn til starfa.



4. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir verkefni undanfarinna vikna.

- Finnafjarðarverkefnið
 - Sveitarstjóri ásamt varaoddvita Vopnafjarðarhrepps fóru til Þýskalands á upplýsingafund með forsvarsmönnum bremenports og EFLU. Fundurinn var upplýsandi og góður og voru þar rædd hin ýmsu mál er varða verkefnið og framgang þess. Ljóst er að framundan er töluverð vinna er varðar samningagerð, hagsmunagæslu og fleira, samstarfshópur sveitarfélaganna mun funda á morgun og fyllri skýrsla verður gefin á næsta fundi sveitarstjórnar.
 - Sveitarstjórnnum beggja sveitarfélaga var boðið til fundar á Vopnafirði með þingmönnum kjördæmisins vegna málsins. Á fundinum héldu sveitarstjórar beggja sveitarfélaga tölu og fóru yfir stöðu verkefnisins ásamt og, með sveitarstjórnarfólki að svara spurningum þingmanna.
- Fundur með þingmönnum kjördæmisins, sveitar-, bæjarstjórum og sveitarstjórnarfólki var haldinn á Akureyri í gær 15. febrúar. Á fundinum gafst fulltrúum sveitarfélaga færi á 5. mínútna framsögu, þingmenn fengu að bregðast við, að því loknu fóru fram almennar umræður. Fundurinn var um margt fróðlegur en um leið er ljóst að þau mál sem mest brenna á sveitarfélögum er í raun endurtekið efni á milli ára.
 - Sveitarstjóri fór á fundinum m.a. yfir nauðsyn á samgöngubótum milli Bakkafjarðar og Þórshafnar, ræddi þörf á uppbyggingu og viðhaldi flutningsleiða. Sveitarstjóri ræddi mikilvægi innanlandsflugs og að það yrði skilgreint sem almenningsamgöngur á viðráðanlegu verði fyrir íbúa. Einnig lagði sveitarstjóri ríka áherslu á bætt aðgengi að heilbrigðiþjónustu. Reynir tók til máls.

5. Kynning á Akurseli

Inn á fundinn kom forsvarsfólk fyrirtækisins Akursels og kynnti starfsemi fyrirtækisins.

Fundargerð upplesin, samþykkt samhljóða og fundi slitið kl. 18.07.